

1871.
30. júní.

Ásbjarnardóttur, að Skeggjastaðahreppur skuli vera laus við að borga nokkuð með tæðu barni, og leggur hreppstjóra Birni Árnasyni fyrir, að sjá um borgun fyrir framfærslu barnsins, ámeðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að með því það er viðurkennt, að Guðný Ásbjarnardóttir eigi sveit í Skeggjastaðahrepp í Norðurmúlasýslu, og ekki eru nægar ástæður til að hafna þeim skýrslum, sem fengizt hafa bæði um það, að hún og barnsaðirinn hafi ekki haft efni til að greiða neitt til framfærslu barnsins, og að kjör þeirra hafi ekki batnað síðan, verður Skeggjastaðahreppur að endurgjalda Kelduneshreppi nefnda upphæð.

30. júní.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækku á jarðarafgjaldi.

Í bræfi 9. marz þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að umboðsmaður Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klausturs, dannebrogsmáður Jón Jónsson, hafi farið þess á leit, að leiguliðanum á Fjósakoti, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, verði í þóknunar skyni fyrir það, að hann vorið 1867 hefir varið 36 dagsverkum til þess að hafa burt foksand úr túninu, heygarðinum og kálgarðinum, gefin upp landskuldin til fardaga 1871, sem er 20 áln., annar helmingurinn á 8 sk. hver alin, og hinn helmingurinn samkvæmt meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinnar, og afgjald af rekafjöru, sem er 36 sk., og enn fremur, að leiguliðanum á jörðunni Ytri-Lyngum undir sama umboði verði fyrir 6 dagsverk til hins sama veitt 11 áln. linun í landskulddinni fyrir sama fardagaár, en hún er 20 áln., hver alin af öðrum helmingnum talin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólgi, en af hinum helmingnum talin 8 sk. virði, þannig að þessi lækku einkum sé látin lenda á fyrri helmingnum; jafnframt þessu hafið þér stungið uppá, að þetta verði hvorttveggja veitt, en eptir verðlagsskrá

þeirri, sem gildir í fardögum 1871, nemur uppgjöfin 3 rd. 23 sk.,
og lækkunin 2 rd. 38 sk.

1871.
30. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

**62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir
Íslandi, um peninga sending til jarðabókarsjóðsins.**

30. júní.

Með því að landfógetinn hefir skýrt frá, að 7500 rd. í
peningum, en ekki meira, hafi verið til í jarðabókarsjóði Íslands
10. dag þ. m., og að búast megi við, að allmikið fæ verði útborgað
á þeim tveimur mánuðum, sem í hönd fara, sérilagi til alþingis,
en engra gjalda sè að vænta í sjóðinn á því tímabili, hafið þér,
herra stiptamtmaður, í bræfi 12. þ. m. meðal annars farið þess
á leit, að jarðabókarsjóðnum verði sendir að minnsta kosti 20000 rd.
í silfri með næstu ferð póstgufuskipsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
svo þér gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að vèr sendum
yður 25000 rd. í silfri með þeirri ferð póstgufuskipsins »Díönu«,
sem nú er fyrir höndum, og mælumst til að fá kvittun yðar fyrir þessu
fè. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir fest sèr
skaðabætur, ef svo kynni að fara að peningarnir týndist á leiðinni.

**63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og
amtmananna á Íslandi, um ferðaáætlun póstgufu-
skipsins 1871.**

30. júní.

Í bænarskrá einni hefir kaupmannsfélagið Örum og Wulff og
fl. sókt um, að póstgufuskipið »Díana» megi koma við fyrir austan
á Íslandi á þessu ári, og nefnd sú, sem sett var 12. apríl þ. á.,
til að rannsaka, hvort koma megi við reglulegum gufuskipsferðum
kringum strendur Íslands, hefir sent bænarskrá þessa hingað.